



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi.

staðsetningu stofnana og eðli starfseminnar. Einnig var reynt að hafa ákveðna breidd í valinu, þannig að valdar væru úr ólíkar stofnanir. Til dæmis var ákveðið að hafa með þar sem vitað var að fyrirkomulagið var öðru vísi en annars staðar. Í sumum tilvikum urðu fyrir valinu stofnanir sem vitað var að höfðu lent í vanda vegna kostnaðar við ferliverkastarfsemi.“

*Þið komið fram með ákveðnar tillögur til úrbóta, innan hvaða ramma eru þær unnar?*

„Við tökum ekki ákvarðanir um hversu miklir fjármunir eru settir í heilbrigðismál. Það er pólitísk ákvörðun hverju sinni. Hins vegar bendum við á að unnt er að nota ákveðið verklag og skapa umhverfi til að nýta þá fjármuni sem ákveðið er að verja til málflokksins. Við getum líka bent á að þörf sé á stefnumótun, ýmist í heild eða um einstök atriði, en þar látum við staðar numið.“

*Í skýrslunni birtast talsverð skil milli stjórn-*

*endahópanna þriggja, rekstrarlegra stjórnenda, lækna og hjúkrunarfræðinga. Hvað viltu segja um það?*

„Munur á viðhorfum faghópanna er mjög áberandi og vel þekktur innan heilbrigðiskerfisins, þótt hingað til hafi ef til vill ekki verið mikið rætt um hann. Það sem við erum að segja í skýrslunni er að ákveðin rök hníga að því að þjónusta af þessu tagi sé veitt á sjúkrahúsunum. Það er einfaldlega skynsamlegt og hagkvæmt að aðstaða sjúkrahúsanna sé fullnýtt. En við teljum nauðsynlegt að fyrirkomulagið feli ekki í sér að faghópum sé mismunað í starfskjörum. Almennt álitum við nauðsynlegt að stjórnvöld axli betur þá ábyrgð að stýra þjónustunni. Eins og málum er nú háttáð getur það ráðist af staðbundnum eða jafnvel einstaklingsbundnum þáttum hvernig starfsemin þróast. Við teljum mikilvægt að heilbrigðisyfirvöld móti skýrari stefnu en hingað til um það hvar, hvernig og í hvaða mæli þjónusta af þessu tagi skuli veitt.“


**aóþ**

## Læknar á Íslandi

### Leiðrétting vegna rangrar ljósmyndar

ÞAU LEIÐU MISTÖK URÐU VIÐ FRÁGANG 4. ÚTGÁFU bókana **Læknar á Íslandi**, sem út kom á síðastliðnu ári, að röng mynd birtist með æviágripi **Guðjóns Klemenzsonar**, f. 4. janúar 1911. Ritstjórn og Þjóðsaga, útgáfufyrirtæki bókarinnar, harma þessi mistök og biðja afkomendur Guðjóns og alla aðra afsökunar á þeim.

Til að bæta um hefur Þjóðsaga látið prenta límniða með hinn réttu mynd til að leiðrétta megi þetta í þeim bókum, sem farið hafa í dreifingu. Því miður er ekki til



listi yfir kaupendur bókana, þannig að brugðið hefur verið á það ráð að láta myndina fylgja þessu eintaki Læknablaðsins, þar sem gera má ráð fyrir að flestir kaupenda ritsins fái blaðið. Einnig má hafa samband við Þjóðsögu í síma 533 1277 eða skrifstofu Læknafélags Íslands í síma 564 4100 og fá myndina senda. Hvetjum við ykkur til að koma leiðréttingunni í bækur ykkar sem fyrst, því mikilvægt er að þessa leiðréttingu verði sem víðast að finna í þeim bókum, sem nú eru komnar í dreifingu.

*Fyrir hönd hlutaðeigandi aðila  
Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ*